

Nýskapandi og örugg Norðurlönd fyrir alla

FORMENNSKUÁÆTLUN
SVÍPJÓÐAR 2018



Norræna
ráðherranefndin

Nýskapandi og örugg Norðurlönd fyrir alla FORMENNSKUÁÆTLUN SVÍÞJÓÐAR 2018

ANP 2017:757

ISBN 978-92-893-5138-6 (PRINT)

ISBN 978-92-893-5139-3 (PDF)

ISBN 978-92-893-5140-9 (EPUB)

<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2017-757>

© Norræna ráðherranefndin 2017

Umbrot: Louise Jeppesen

Kápu mynd: Momenti.lv

Prentun: Rosendahls

Upplag: 200

Printed in Denmark



Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir á landfræðilegri legu landanna, sameiginlegri sögu þeirra og menningu. Að samstarfinu koma Danmörk, Finnland, Ísland, Noregur og Svíþjóð auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Löndin vinna saman að því að marka Norðurlöndum stöðu í öflugri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að gæta hagsmuna svæðisins og efla norræn gildi í hnattrænum heimi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

www.norden.org

Niðurhal á norrænum ritum: www.norden.org/nordpub

Formennskuáætlun Svíþjóðar í Norrænu ráðherranefndinni 2018

Efnisyfirlit

- 4 Ávarp forsætisráðherra og samstarfsráðherra
- 6 Norðurlönd fyrir alla
- 12 Sjálfbær og nýskapandi Norðurlönd
- 18 Öruggr og hreinskiptin Norðurlönd



Ávarp forsætisráðherra og samstarfsráðherra



Stefan Löfven
forsætisráðherra



Margot Wallström,
utanríkisráðherra og
norrænn samstarfsráðherra

Lýðræðisleg félagasamtök eiga sér langa hefð á Norðurlöndum. Öll byggja þau á jafnræði, jafnrétti, sjálfbærni og samstarfi. Við berum mikið traust til stofnana samfélagsins og samfélagsgerðar sem byggist á reglum. Traust sem hefur skapast um langt skeið og bindur norræna módelið saman. Á óvissutímum er mikilvægt að standa stöðugt vörð um þann trúnað.

Norðurlöndin eru áberandi í jafnréttisstarfi. Sænska ríkisstjórnin er femínísk. Sjónarmið jafnréttis eru í öndvegi við stefnumótun hvort sem er innanlands eða í alþjóðasamstarfi.

Norrænt samstarf fer fram á degi hverjum, iðulega með hversdagslegum blæ og felst í að skiptast á upplýsingum, þekkingu og menningu. Samstarfið er samfellt, á sér djúpar rætur og liggur til grundvallar þeirri sýn forsætisráðherranna að Norðurlöndin eigi að vera samþættasta svæði heims.

Við Norðurlandabúar vitum að hreinskiptin og sjálfbær jafnréttissamfélög skapa velferð. Þess vegna verðum við að hlúa að samstöðu Evrópuþjóða og láta að okkur kveða á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, sem eru nöfin í heimsskipun sem byggist á reglum.

Æ meiri óvissa ríkir í alþjóðamálum en Norðurlöndin standa við gefin fyrirheit til komandi kynslóða, nánar tiltekið Parísarsamkomulagið og heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun fyrir árið 2030. Hnattvæðingin kallar á öfluga jafnræðisstefnu

ef bilið á ekki að aukast milli þeirra sem njóta góðs af hnattvæðingunni og hinna sem eiga á hættu að láta í minni pokann. Það er von okkar að verkefni forsætisráðherranna, *Nordic Solutions to Global Challenges*, geri okkur kleift að miðla reynslu okkar til annarra þjóða jafnframt því að við setjum markið hærra heima fyrir.

Sjálfbær, nýskapandi, örugg og hrein- skiptin Norðurlönd fyrir alla eru

einkunnarorð Svía þegar þeir taka við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2018. Stafræn tækniþróun er rauður þráður áætlunarinnar.

Fjögur verkefni tengd formennsku- áætluninni verða kynnt á árinu 2018 á

sviðum þar sem við sjáum greinilegan norrænan virðisauka í því að starfa saman og skiptast á reynslu. Viðfangsefni þeirra verða lausnir í fjarhjúkrun og rafrænir lyfseðlar yfir landamæri, aðgerðir til að ná til ungmenna sem búa við fátækt og félagslega einangrun, loftslagsvænar samgöngur í borgum svo og timburmannvirki og sjálfbær hönnun.

Svía leiða einnig starf Eystrasaltsráðsins og Barentsráðsins á árinu 2018. Þeir samhæfa óformlegt samstarf Norðurlandanna sem og samvinnu þeirra og Eystrasaltsríkjanna á sviði utanríkis- og öryggismála. Svía stefna að því að finna sameiginlega snertifleti með öllum löndunum umhverfis Eystrasalt og efla almennt samstarf á svæðinu.



Norðurlönd fyrir alla

Meðákvörðunarréttur launafólks og mikilvægi þríhliða samstarfs aðilanna eru á meðal sérkenna norræns vinnu- markaðar. Norðurlöndin hafa sýnt og sannað að almenn velferðarstefna eykur frelsi einstaklingsins og hagvöxtinn um leið. Nú þegar íbúnum fjölgar og meðal- aldur þeirra hækkar skiptir það sköpum fyrir norræna velferð að fleiri komist í vinnu og að þeim verði gert kleift að vinna lengur áður en ellilífeyrisaldurinn tekur við.

Það á að vera hægt að lifa, starfa og stunda atvinnurekstur hvort sem er í borgum eða á landsbyggðinni. Samgöngur þurfa að vera góðar, einnig þjónusta og nálægð við menntunar- og nýsköpunarumhverfi. Stafrænar fjarlausnir stuðla að lifandi landsbyggð á Norðurlöndum. Ekki síst á landamæra- svæðum getur aðgengi að auðlindum nágrannalandsins aukið öryggi fólks og greitt för þess.

Fækka verður hindrunum og ráða bót á upplýsingaskorti sem torveldar einstak- lingum að flytjast búferlum, sækja vinnu, stunda nám eða reka fyrirtæki yfir landamæri á Norðurlöndum. Svíar

hyggjast fylgja þessu eftir í Stjórnsýslu- hindranaráðinu á formennskuárinu. Yfirvöld á Norðurlöndum verða jafnframt hvött til að íhuga lausnir á öllum sviðum sem greiða fyrir samþættari Norðurlöndum.

Rafræn stjórnsýsla yfir landamæri og betri samhæfing stafrænna lausnar sem þróaðar eru í löndunum auka hreyfingu fólks, vöru, þjónustu og gagna. Sett verður í forgang að fylgja eftir yfirlýsingu sem ráðherrar Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna á sviði upplýsinga- tækni og stafrænnar tækniþróunar undirrituðu á ráðstefnunni *Digital North* í apríl 2017. **Á árinu 2018 munu Svíar kalla saman til norræns ráðherra- fundar um stafræna tækniþróun. Jafnframt munu þeir leggja til að *Digital North*-ráðstefnunni verði fylgt eftir með breiðri ráðherraráðstefnu** þar sem full- trúar stjórnmalanna og atvinnulífsins á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum ræða hvernig dýpka megi samstarfið á sviði stafrænnar tækniþróunar.

Stafrænar lausnir geta aukið jöfnuð og jafnræði í umönnun og hjúkrun. **Fyrsta formennskuverkefni Svía af**

fjórum fjallar um að styðja þróun lausna í fjarhjúkrun og rafræna lyfseðla yfir landamæri Norðurlandanna. Eitt markmið verkefnisins er að innan þriggja ára hafi tæknilegar forsendur skapast fyrir því að skiptast á rafrænum lyfseðlum milli Norðurlanda.

Sameiginlegt átak í heilbrigðisþjónustu, hjúkrun og umönnun opnar leiðina að útflutningsmörkuðum. Flaggskipsverkefni forsætisráðherranna, *Nordic Welfare Solutions*, hefur verið ýtt úr vör og mun það halda áfram.

Gott skipulag á vinnumarkaði krefst aðgerða og samstarfs á ýmsum sviðum rétt eins og samstarf aðila vinnumarkaðarins. Þjóðir Norðurlanda geta lært margt hver af annarri en einnig miðlað af dýrmætri reynslu sinni til annarra landa. **Fyrirtæki sem fara á svig við reglur í von um skjótfenginn gróða raska heilbrigðri samkeppni á vinnumarkaði. Svíar munu taka á þessum vanda á formennskuárinu.**

Tækniþróun og hnattvæðing verða til þess að ný störf skapast og önnur hverfa jafnframt því að nýjar kröfur eru gerðar

til starfsfærni. Þetta kallar á pólitíska framsýni og aðlögunarhæfni.

Svíar verða gestgjafar ráðstefnu um vinnumarkað framtíðarinnar á formennskuárinu. Einkum verður fjallað um áhrif stafrænnar tækniþróunar, vélmennavæðingar og sjálfvirkni og hvaða færnikröfur verði gerðar í ljósi þessa. Gögn og skýrslur ráðstefnunnar verða framlag Norðurlanda til aldarafmælishátíðar Alþjóðavinnuárástofnunarinnar (ILO) árið 2019.

Atvinnuþátttaka kvenna er mikil á Norðurlöndum. Á sama tíma er atvinnustig kvenna lægra en karla, einkum kvenna af erlendum uppruna. **Á vordögum 2018 verður haldin ráðstefna þar sem rætt verður hvernig fólk kemst út á vinnumarkað, einkum konur af erlendum uppruna.**

Í verkefni forsætisráðherranna, *Nordic Gender Effect at Work*, verður fjallað um hnattvæðing áskoranir á veginum til jafnréttis og hvernig skapa megi mannsæmandi starfskjör fyrir alla. **Svíar standa á árinu 2018 að alþjóðlegri**

ráðstefnu um karla og jafnrétti þar sem fjallað verður um karlmennsku. Í tengslum við ráðstefnuna verður haldinn fundur jafnréttisráðherra Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Mismikil atvinnuþátttaka skapar launamun og veldur ójöfnuði í lífeyrissparnaði kynjanna. **Svíar munu á formennskuárinu eiga frumkvæði að norrænni rannsókn sem liggja mun til grundvallar áframhaldandi starfi að jafnrétti í lífeyrismálum.**

Löndin eiga við svipuð viðfangsefni að etja vegna ungs fólks sem búa við fátækt og félagslega einangrun. **Markmiðið með öðru formennskuverkefni Svía er að efla samfélagslega aðlögun og lýðræðislega þátttöku ungmenna með því að löndin beri saman reynslu sína.** Verkefnið verður unnið í nánu samstarfi við félagasamtök með því langtímamarkmiði að sporna gegn aðskilnaði í samfélaginu.

Á síðari árum hafa ýmis stafræn tæki verið þróuð til tungumálanáms og



samskipta til að auðvelda aðlögun fólks. Norðurlöndin munu í auknum mæli bera saman reynslu sína á þessu sviði innan ramma samstarfsáætlunarinnar um aðlögun.


Svíar munu á formennskuárinu fylgja eftir skýrslunni um eft og endurnýjað norrænt samstarf í menntamálum.

Niðurstöður stefnumótandi úttektar á norrænu samstarfi um félagsmálastefnu verða kynntar 2018.

Svíar munu á formennskuárinu hvetja til samráðs um norrænar stofnanir og verkefni sem baltnesku nágrannalöndin gætu haft áhuga á að koma að.



Ljósmynd: Nordic Innovation



Ljósmynd: unsplash.com



Sjálfbær og nýskapandi Norðurlönd

Norðurlöndin hafa aldrei látið eins mikið til sín taka í umhverfismálum og nú. Fyrsta umhverfisráðstefna Sameinuðu þjóðanna fór fram í Svíþjóð 1972 og það var norskur forsætisráðherra sem kynnti hugtakið „sjálfbæra þróun“ til sögunnar á alþjóðavettvangi árið 1987.

Á Norðurlöndum hefur sameiginlega tekist að draga úr álagi á umhverfi og andrúmsloft samtímis því að hagvöxtur á svæðinu hefur verið sá sami og í OECD-löndunum eða jafnvel yfir meðallagi þar. Loftslagsbreytingar eru ein stærsta áskorun mannkyns og þörf er á róttækum aðgerðum ef okkur á að takast að afhenda komandi kynslóðum sjálfbæran heim.

Ástand hafsins er ógnvekjandi. Plast í hafinu veldur miklum vanda og því samþykktu norrænu umhverfisráðherrarnir sameiginlega áætlun um plast á árinu 2017. Markmiðið með henni er að draga úr plastmengun.

Á Hafráðstefnu Sameinuðu þjóðanna kom í ljós mikill áhugi ríkja víðs vegar um heim þegar fjallað var um hvernig málefni hafsins tengjast loftslagsmálum. **Á formennskuárinu hyggjast Svíar efna**

til umræðu norræna ráðherra um hvernig Hafráðstefnu SP verði fylgt eftir.

Niðurstöður úttektar á norrænu samstarfi í loftslags- og umhverfismálum verða kynntar á vordögum 2018. Samstarfsáætlun sem þá verður samþykkt til fjögurra ára mun taka mið af þeim niðurstöðum. **Leiðtogafundur er ráðgerður til að styðja við eftirfylgni Norðurlanda með Parísarsamkomulaginu.**

Svíar munu á árinu 2018 kanna möguleika á að ráðast í gerð úttektar á því hvernig hámarka megi norrænt fjármögnunarumhverfi í umhverfis- og loftslagsmálum. Markmiðið er að kortleggja fjármögnunarbíl og vinna tillögur um hvernig Norræni fjárfestingarbankinn (NIB), Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) og Norræni þróunarsjóðurinn (NDF) auk þróunarfjármagns frá ríkisaðilum geta brúað bilin, og þá með teknu tilliti til þess að starfsumboð og stjórnun umræddra stofnana eru með ýmsu móti.

Samstarfsáætlun Norrænu ráðherra-nefndarinnar um málefni norðurskauts-svæðisins verður endurskoðuð á

formennskuári Svíþjóðar. Rík áhersla er lögð á samstarf um að ná loftslagsmarkmiðunum og heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun.

Viðmið fyrir umhverfismerkingu sjóða hafa verið tekin saman á vegum norræna umhverfismerkisins Svansins. Umhverfismerkið á að auðvelda neytendum að velja sjóði sem hafa sjálfbærni að leiðarljósi. Þannig eykst áherslan á sjálfbærni, hjá sjóðsstjórnnum sem og þeim fyrirtækjum sem fjárfest er í.

Hvarvetna á Norðurlöndum er þörf á að aðlaga flutningageirann í þá veru að jarðefnaeldsneyti heyrir sögunni til. Samnorrænar lausnir auðvelda sjálfbæra flutninga yfir landamæri. **Á árinu 2018 hefja Svíar formennskuverkefni sem felst í að greiða fyrir loftslagsvænum samgöngum í borgum Norðurlanda.** Markmiðið er að stuðla að sjálfbærri borgarþróun með því að greiða fyrir því að notkun jarðefnaeldsneytis verði hætt í samgöngum í norrænum borgum og nágrenni þeirra.

Eitt verkefni forsætisráðherranna, *Nordic Climate Solutions*, hefur það að markmiði að draga úr losun kolefnis í

heiminum með því að hætta niðurgreiðslum á jarðefnaeldsneyti og auka miðlun norræna loftslagslausna til annarra heimshluta.

Norðurlöndin hafa alla burði til að verða leiðandi afl í umskiptum til lífhagkerfis þar sem þau búa yfir gríðarlegri færni og miklum náttúruauðlindum. Samstarf við Eystrasaltsríkin á þessu sviði liggur beint við. **Svíar vinna áfram út frá formennskuverkefni Íslands frá árinu 2014 um aukið norrænt samstarf um lífhagkerfi.**

Framsýn, arðbær og umhverfisvæn skógrækt gagnast andrúmsloftinu, lifandi landsbyggð og ört vaxandi hringrásar- og lífhagkerfum. Norræna áætlunin *Nordic Forest Solutions* gildir um samstarf á sviði skógræktar.

Þörf er á norrænu samstarfi til að fá hljómgrunn hjá ESB og á öðrum alþjóðlegum vettvangi fyrir það sjónarmið að sjálfbær skógrækt sé samræmanleg líffræðilegri fjölbreytni, útivist og góðri nýtingu hráefnis úr skógum.

Aukin borgarvæðing á Norðurlöndum eykur húsnæðisþörfina, einkum á

stórborgarsvæðum. Svíar munu á formennskuárinu setja í forgang að bæta skilyrði byggingariðnaðarins með því að fækka stjórnáráðgjafum og auka samkeppnisfærni á húsnæðismarkaði á Norðurlöndum. **Ráðherra-fundur á sviði bygginga- og húsnæðismála er ráðgerður í maí 2018.**

Norðurlöndin búa yfir miklum endurnýjanlegum náttúruauðlindum en öflugt samstarf þarf til að koma norrænum lausnum á framfæri. Aukning í byggingu timburhúsnæðis á þátt í að auka orkunýtni og kolefnisgeymslu til lengri tíma auk þess sem hún eflir markað fyrir sjálfbærar byggingariðnað á Norðurlöndum og víðar. **Fjórða formenskuverkefni Svía mun fjalla um iðnaðarmannvirki úr timbri og vettvang fyrir sjálfbæran arkitektúr og hönnun í samræmi við heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun.**

Norrænar hönnunarlausnir með arkitektúr og hönnun í fyrirrúmi fela í sér möguleika á að njóta alþjóðlegrar viðurkenningar. **Svíar munu á formennskuárinu standa að norrænni ráðstefnu um arkitektúr.**

Víða um heim er mikill áhugi á norrænni list og menningu. Norræn menningarhátíð, *Nordic Spring*, verður haldin á vordögum 2018 í Montréal. **Norrænn leiðtogafundur um menningarmál verður haldinn í tengslum við fund norrænu menningarráðherranna í maí 2018 í Málmey. Þar verður fjallað um hið öfluga menningarmálasamstarf landanna, hvort sem er á sviði stefnumótunar eða milli einstaklinga.**

Samstarfið um alþjóðlega kynningu og mörkun stöðu Norðurlanda mun fá sérlega umfjöllun á formennskuári Svía.

Norræni raforkumaðurinn er einn sá þróaðasti í heimi. Í nýskapandi samstarfi verður hægt að þróa hann enn frekar, meðal annars með því að bjóða einstaklingum og fyrirtækjum upp á skilvirkari smásölumarkað.

Eitt verkefni forsætisráðherranna, *Nordic Energy Solutions*, felst í því að miðla upplýsingum um norrænar orkulausnir og auka aðgengi að endurnýjanlegri orku í öðrum heimshlutum. Í framhaldinu myndi það auka útflutnings-tækifæri norrænna fyrirtækja. Einkar góð tækifæri gefast á árinu 2018 til

að markaðssetja norrænar orkulausnir þegar Norðurlöndin verða **sameiginlegir gestgjafar á fundum orkumálaráðherra, Clean Energy Ministerial og Mission Innovation, sem haldnir verða á Eyrarsundssvæðinu í maí 2018.**

Mikilvægur þáttur í sameiginlegum aðgerðum Norðurlanda er að hafa áhrif á Orkubandalag ESB. **Á formennskuári Svía verður ráðist í nýja norræna samstarfsáætlun í orkumálum með áherslu á aukna orkunýtni og hraðari umskipti til endurnýjanlegra orkugjafa.**

Norræna ráðherranefndin gegndi mikilvægu hlutverki þegar NMT-farsíma-kerfið og GSM (2G) urðu fyrir valinu sem alþjóðlegir staðlar. Norðurlöndum gefst nú aftur tækifæri á að taka forystuna þegar næsta kynslóð gagnaflytninga í farsímum – 5G – verður innleidd.

Í þeim tilgangi að greiða fyrir samráði stjórnmalafólks og atvinnulífsins verður fyrirtækjum boðið að kynna hvernig 5G getur komið að notum við umönnun aldraðra og í rafrænni heilbrigðisþjónustu en einnig í nýskapandi samgöngulausnum og loftslagsvænum borgum.

Á sviði atvinnulífs og nýsköpunar munu Svíar leggja áherslu á sóknarfæri sem stafræn tækni felur í sér fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þar má nefna tilraunareiti, sjálfvirkni og stafræn viðskiptamódel, til að mynda hvernig opinberi geirinn getur rutt brautina með nýsköpunarkaupum. **Ný norræn samstarfsáætlun á sviði atvinnulífs og nýsköpunar fyrir tímabilið 2018–2021 verður kynnt á formennskuári Svía.**

Rannsóknir eru í forgangi í norrænu samstarfi. Megnið af rannsóknarverkefnum Norrænu ráðherranefndarinnar eru undir hatti Norræna rannsóknaráðsins (*NordForsk*).

Svíar munu á formennskuárinu beita sér fyrir því að greinilegur virðisauki haldist í starfsemi *NordForsk* miðað við það sem gert er í löndunum og Evrópusamstarfinu.



Örugg og hreinskiptin Norðurlönd

Fleiri Norðurlandanna vinna nú að eða hafa lokið við mótun stefnu lands síns í öryggismálum. **Á formennskuári Svíþjóðar verður áhersla lögð á að löndin samhæfi betur og beri í auknum mæli saman reynslu sína af almennum öryggismálum.**

Svíar munu á árinu 2018 leiða norrænt samstarf um viðbragðsáætlanir við hættuástandi, sem byggir á svonefndri Hagayfirlýsingu. Núgildandi þróunarmarkmið eiga við um tímabilið 2015–2018 og verða þau endurskoðuð á formennskuári Svía.

Leitast verður við að bæta rekstrar-samhæfi milli viðbragðssveita og auðlinda landanna fyrir öryggi íbúanna. Svíar og Norðmenn urðu á árinu 2016 fyrstar þjóða í heiminum til að tengja saman fjarskiptakerfi landa sinna, *Rakel* og *Nødnett*. **Í Noregi og Svíþjóð er unnið að því að tengja kerfin við *Virve* í Finnlandi. Viðbúnaður er fyrir hendi til að koma á sambærilegu samstarfi við Danmörku.**

Æ tíðari hryðjuverkaárásir í Evrópu, einnig á Norðurlöndum, kalla á auknið

samstarf. Þörf er á markvissum aðgerðum til að fyrirbyggja innrætingu öfgahyggju og veita þeim einstaklingum aðstoð sem vilja losna úr ofstækisfullum öfgahópum. Norðurlöndin starfa nú þegar saman að þessum málum, einkum í norrænu samstarfsneti um að koma í veg fyrir öfgahyggju á landsvísu í líkingu við starf *Nordic Safe Cities* í borgunum.

Á árinu 2018 halda Norðurlöndin áfram að bera saman reynslu sína af því hvernig þau taka á viðfangsefnum vegna skipulagðrar glæpa- og hryðjuverkastarfsemi. **Gerð verður ný samstarfsáætlun á sviði dómsmála.**

Svíar munu halda áfram því starfi sem Finnar og Norðmenn hófu á sínum formennskuárum sem felst í að styðja kennara til að takast á við umdeild mál í kennslu. **Kannað verður hvort þörf er á að þróa stafræna námseiningu og skipuleggja frekara námsframboð fyrir kennara.**

Miklar breytingar hafa orðið á fjölmiðla-landslaginu með aukinni stafrænni tækni. Nýir aðilar og upplýsingaveitur hafa mikil áhrif á viðhorf almennings.

Þróun þessi minnir á mikilvægi vandaðra fréttamiðla og eykur kröfur til heimildarýni. **Svíar munu á formennskuárinu leggja áherslu á að styrkja vitund barna og ungmenna um fjölmiðlaneyslu og hlífa þeim við skaðlegum áhrifum miðlanna.**

Þegar nafnleysi í fréttaskrifum verður æ algengara vakna spurningar um mörk tjáningarfrelsisins. Meðvitaðar rangfærslur og ríkisstýrð áróðursstarfsemi á netinu verður æ algengari og grefur undan trausti til stofnana samfélagsins og hefðbundinna fjölmiðla. **Æ meir er rætt um stöðu hefðbundinna fréttamiðla**


og fjölmiðla í almannabjónustu í norrænu fjölmiðlalandslagi. Norræna ráðherranefndin heldur áfram stuðningi sínum við óháða fjölmiðla á rússnesku í Eystrasaltsríkjunum.

Harka hefur færst í samræður og umræður á Norðurlöndum og birtist hún í hótunum og netníði í garð þjóðkjörinna fulltrúa, blaðafólks og listafólks. **Á formennskuári Svía verður athygli vakin á skjólborgum rithöfunda á Norðurlöndum.**

Þegar æ fleiri flýja eða sjá sig tilheydda til að yfirgefa heimalönd sín eykst hætta



Ljósmynd: Johannes Jansson



Ljósmynd: unsplash.com

á ýmiss konar nauðung og mansali. Aðlögunar- og vinnumál eru mikilvægir málaflokkar þegar kemur að því að bæta stöðu innflytjenda og kalla þá til þátttöku í móttökulandinu.

Samstarf Norðurlandanna og við löndin umhverfis Eystrasalt verður aukið með það fyrir augum að sporna gegn mansali.

Öryggi og varnir eiga sér margar hliðar. Gott afhendingaröryggi byggir á sjálfbærri þróun norrænna matvælakefna þar sem áhersla er lögð á skilvirka og ábyrga framleiðslu- og neysluhætti. Verkefnið Ný norræn matargerð vekur athygli á sóknarfærum norrænnar matarmenningar. **Matvælaþróun sem tekur mið af umhverfinu, dýrasiðfræði, næringargildi og matargerðarlist, byggist á yfirlýsingunni um nýja norræna matargerð.**

Starfsemi Norrænu erfðaauðlinda- stofnunarinnar (*NordGen*), sem felst í sjálfbærri varðveislu og nýtingu sameiginlegra erfðahópa af plöntum, nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar.

Samstarfið þarf sífellt að þróa, ekki síst á sviði stafrænnar tækni.

Sýklalyfjanotkun er minni á Norðurlöndum en víða annars staðar og ástandið því betra hvað varðar sýklalyfjaónæmi. Samstarf heilbrigðissviðs, dýralækninga, matvæla og umhverfismála um að halda sýklalyfjaónæmi í lágmarki er hafið. **Svíar hyggjast boða til funda á formennskuárinu í stefnumótunarhópnum og sérfræðingahópnum um sýklalyfjaónæmi.**





Norræna ráðherranefndin
Nordens Hus
Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org

FORMENNSKUÁÆTLUN SVÍÞJÓÐAR 2018

Sjálfbær, nýskapandi, örugg og hreinskiptin Norðurlönd

fyrir alla eru einkunnarorð Svía þegar þeir taka við formennsku í Norrænu ráðherranefndinni 2018. Stafræn tækniþróun er rauður þráður í formennskuáætluninni.

Lýðræðisleg félagasamtök eiga sér langa hefð á Norðurlöndum og bera vott um jöfnuð, jafnrétti, sjálfbærni og samstarf. Stöðug þekkingar- og menningarsamskipti liggja til grundvallar þeirri sýn forsætisráðherranna að Norðurlöndin eigi að vera samþættasta svæði heims.

Norðurlandþjóðirnar eru vanar að láta til sín taka í alþjóðamálum, þær láta sig annt um samstöðu Evrópuþjóða og að Sameinuðu þjóðirnar séu öflugar. Markmiðið með verkefni forsætisráðherranna, *Nordic Solutions to Global Challenges*, er að miðla góðum norrænum lausnum víðar um heim.

ANP 2017:757
ISBN 978-92-893-5138-6 (PRINT)
ISBN 978-92-893-5139-3 (PDF)
ISBN 978-92-893-5140-9 (EPUB)